

## **Skýrsla stjórnar HRFÍ 23. maí 2012**

Hér verður gerð grein fyrir margþættri starfsemi félagsins og þeim erindum sem stjórn hefur fjallað um á starfsárinu.

### **Aðalfundur 2011, stjórnar- og fulltrúaráðsfundir**

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þann 18. maí. Mættir voru 139 félagsmenn í Reykjavík og 11 á Akureyri. Alls fékk 151 félagsmaður afhent kjörgögn.

Anna María Flygenring og Björn Ólafsson voru kjörin í aðalstjórn, Auður Sif Sigurgeirsdóttir var kjörin í varastjórn. Jóna Th. Viðarsdóttir var endurkjörin formaður.

Stjórn er því þannig skipuð:

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, varaformaður

Anna María Flygenring, aðalstjórn

Auður Sif Sigurgeirsdóttir, varastjórn

Björn Ólafsson, aðalstjórn

Valgerður Júlíusdóttir, ritari

Súsanna Antonsdóttir, gjaldkeri

Stjórn hefur komið saman til fundar 20 sinnum á starfsárinu.

Þrjár fulltrúaráðsfundir voru haldnir á starfsárinu, 28. september, 17. febrúar og 25. apríl.

### **Skrifstofa**

Húsnæðið er notað til ársfunda og almennra funda deilda, fulltrúaráðsfunda, fyrirlestra og bóklegar kennslu í Hundaskólanum.

Þrjár starfsmenn eru á skrifstofu, þær Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri, Kristlaug Elín Gunnlaugsdóttir og Klara Á. Símonardóttir.

Opnunartími skrifstofu er á mánudögum og föstudögum frá kl. 9:00-13:00 og þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 11:00-15:00.

### **Skráningar**

Almennt hefur orðið 16-20% samdráttur í allri starfseminni. Ættbókarskráning hefur dregist saman um 20% á milli ára og einnig fjöldi gota. Um 25% færri niðurstöður bárust úr mjaðma- og olnbogamyndum á milli ára. Augnskoðun hunda hefur dregist saman um 38% og innfluttum hundum hefur fækkað um 23%. FCI samþykkti 40 ræktunarnöfn á starfsárinu sem er tæplega 30% meira en árið á undan. Skráning á hundasýningar hefur dregist saman um 27%, sjá yfirlit í töflu 1.

Hundaræktarfélagin á Norðurlöndum finna einnig fyrir samdrætti í starfsemi sinni, bæði í skráningum á hvolpum og á hundasýningum. Samdrátturinn kom heldur seinna fram í starfsemi HRFÍ en hjá NKU systurfélagunum.

	<b>2011</b>	% breyting
Fjöldi gota	245	21% fækkun
Innfluttir hundar	66	23% færri
Skráðir hvolpar	1085	19% færri
Skráðir á erl. númer	4	
<i>Skráðir alls</i>	1151	20% samdráttur
Afsöl/breytingar í ættbók	456	16% færri
Mjaðmamynndaðir hundar	139	24% færri
Olnbogamynndaðir hundar	73	25% færri
Ræktunarnöfn	40	29% aukning
Augnskoðaðir hundar	580	38% færri
Fjöldi á hundasýningum	2857	27% samdráttur

Tafla 1 - Yfirlit yfir starfsemi félagsins milli ára

### Augnskoðun

Þrjár augnskoðanir fyrir hunda voru á starfsárinu. Finn Bøserup Jörgensen frá Danmörku skoðaði 122 hunda í reiðhöllinni í Víðidal í tengslum við sumarsýningu félagsins. Finn Bøserup Jörgensen og Jens Kai Knudsen frá Danmörku augnskoðuðu 276 hunda af 37 tegundum í tengslum við alþjóðlega hundasýningu í nóvember. Finn Boserup og Susanne Kaarsholm frá Danmörku augnskoðuðu hunda í húsnæði að Klettagörðum 6 í Reykjavík og á Akureyri 17.- 19. febrúar. Alls skoðuðu þau 182 hunda og þar af augnskoðaði Finn 28 hunda á Akureyri. Jafnframt buðu dýralæknarnir upp á fyrirspurnir varðandi PRA eftir augnskoðunina á skrifstofu félagsins.

### Sámur

Útgáfumánuðir Sáms eru í apríl, ágúst og um mánaðamótin nóvember/desember. Auður Sif Sigurgeirsdóttir er ritstjóri Sáms og sér jafnframt um að prófarkalesa blaðið.

### Hundaskólinn

Hundaskólinn hefur haldið námskeið í bílageymslu í Firði í Hafnarfirði, í Keflavík og í ýmsum reiðskemmum á stór-Reykjavíkursvæðinu. Einnig hefur kennsla farið fram utanhúss yfir sumartímann. Skólinn býður upp á hvolpa-, grunn- og hlýðninámskeið fyrir allar tegundir hunda, einnig er boðið upp á hundafimi.

## **Skapgerðarmat**

Stjórn HRFÍ hefur felld niður kröfur um skapgerðarmat hjá þeim tegundum þar sem þess er krafist vegna ónógs framboðs af skapgerðamötum. Leiðinlegt er að málin séu í þeim farvegi að fella þurfi niður kröfurnar.

Samkvæmt ársskýrslu skapgerðarmats fóru alls 16 hundar í skapgerðarmat á starfsárinu.

## **Vinnu- og veiðipróf**

Bronsmerki í hlýðni var haldið fimm sinnum á starfsárinu. Alls voru 29 þátttakendur og fengu 9 þeirra bronsmerki. Dómarar voru Albert Steingrímsson, Guðrún Hafberg, Monika Karlsdóttir og Sigríður Bílddal. Hlýðni I var haldið fimm sinnum. Alls voru 23 skráðir, 10 fengu silfurmerki og 5 náðu prófi en þeir voru búnir að fá silfurmerki áður. Dómarar voru Björn Ólafsson, Guðrún Hafberg og Monika Karlsdóttir.

Tvö sporleitarpróf I og sporleitarpróf II voru haldin á starfsárinu á vegum Vinnuhundadeildar og eitt sporleitarpróf III. Alls voru 7 hundar skráðir í sporleitarpróf I og náðu 2 prófinu. 8 hundar voru skráðir í sporleitarpróf II og 4 náðu fyrstu einkunn. Í spori III náði hundurinn ekki einkunn. Dómari var Albert Steingrímsson. Stjórn HRFÍ samþykkti á starfsárinu nýja titla fyrir vinnupróf. Þeir eru birtir á vefsíðu félagsins og Vinnuhundadeildarinnar.

Ellefu veiðipróf voru haldin á starfsárinu fyrir standandi fuglahunda á vegum Fuglahunda-, Írsk setter- og Vorstehdeildar. Samtals 48 hundar með 267 skráningar. Prófin voru dæmd af Agli Bergmann, Guðjóni Arinbjarnarsyni, Pétri Alan Guðmundssyni, Svafari Ragnarssyni og erlendu dómurinum, Norðmönnum Glen Olsen, Jan Rune Sunde, Anders Eide Hetlevik, Randi Schulze, Björnar Gundersen, Alfred Örjebu, Cato Jonassen og Svíanum, Jan-Olov Daniels.

Tíu veiðipróf voru haldin fyrir retrieverhunda. Samtals voru 54 hundar með 156 skráningar í prófin. Dómarar voru Dagur Jónsson, Halldór Garðar Björnsson, Sigurður Magnússon, Margrét Pétursdóttir og erlendu dómarnir Lars Mertz frá Danmörku og Moren Kjelland frá Noregi.

Smalaeðlispróf Fjár- og hjarðhundadeildar var haldið í október að Skála í Grímsnesi. Dómari var María Dóra Þórarinsdóttir. Alls 14 hundar tóku þátt af 4 hundategundum og stóðust þeir allir prófið.

## **Sýningar**

Meistarasýning var haldin dagana 4. og 5. júní 2011. Alls 610 hundar voru skráðir af 77 hundategundum. Alls tók 21 ungur sýnandi á aldrinum 10-13 og 14-17 ára þátt og keppti um besta unga sýnandann. Fjórir dómarar komu frá Danmörku, þau Annette Bystrup, Birte Scheel, Kresten Scheel og Svend Lövenkjær og frá Finnlandi þeir Unto Timonen og Sampo Miettinen sem dæmdu unga sýnendur.

Alþjóðleg sýning félagsins fór fram 27. og 28. ágúst 2011. Alls var 691 hundur af 81 hundakyni skráður til þátttöku. Í keppni ungra sýnenda tóku alls 21 ungmenni þátt, 7 í yngri flokki og 14 í eldri flokki, dómari var Jos De Cuyper. Dómarar voru fimm, einn tilkynnti forföll vegna veikinda. Þar sem þátttaka var ekki eins og búist var við þurfti ekki að finna annan dómara. Dómarnir voru Monique Van Brempt og Jos De Cuyper frá Belgíu, Per Iversen frá Noregi og Carlos Fernandez- Renau Glez Anleo frá Spáni. Á sýningunni var einnig boðsgestur Hundaræktarfélag Íslands, Karl Donvil. Karl er í ritnefnd FCI blaðsins (Reporter and Photographer, Chief Executive Officer of the World Dog Press Association, Member of the Editorial Board of the FCI Magazine). Karl tók myndir á sýningunni og skrifaði frábæra grein um starfsemi félagsins í FCI blaðið og fleiri blöð tengd hundum.

Alþjóðleg hundasýning fór fram 19. og 20. nóvember 2011. Sýndur var 731 hundur af 77 hundategundum. Dómarar voru Blaz Kävcić frá Sólveníu, Gert Christensen frá Danmörku, Marija Kävcić frá Sólveníu, Rony Doedijns frá Hollandi, Saija Juutilainen frá Finnlandi og Stelios Makaritis frá Grikklandi.

Alls tóku 27 ungmenni þátt í keppni ungra sýnenda. Dómari í þeirri keppni var Gert Christensen frá Danmörku. Stigahæsti hundur, stigahæsti öldungur og stigahæstu ungu sýnendur ársins voru krýnd.

Afreks- og þjónustuhundar ársins voru heiðraðir í níunda sinn. Þjónustuhundur ársins var fíkniefnaleitarhundurinn, Buster af tegundinni enskur springer spaniel. Hann er í eigu lögreglunnar í Árnessýslu en í umsjón Guðjóns Smára Guðjónssonar, lögreglumanns. Afrekshundur ársins var íslenski fjárhundurinn, Sindra Kjarval í eigu Ingileifs Einarssonar og fjölskyldu.

Stigahæsti hundur ársins var amerískur cocker spaniel, ISCh Eldhuga Catch Me High, ræktendur og eigendur eru hjónin Bryndís Pétursdóttir og Guðmundur Bjarnason.

Stigahæsti öldungur ársins var ástralskur fjárhundur, C.I.B. ISCh Bayshore's Tin Soldier, eigendur eru hjónin Björn Ólafsson & Lára Birgisdóttir.

Stigahæstu ungu sýnendur ársins voru Elín Rós Hauksdóttir og Theodóra

Róbertsdóttir. Þar sem þær voru jafnar að stigum urðu þær að fara í bráðabana sem Stelios Makaritis frá Grikklandi dæmdi. Elín Rós Hauksdóttir vann bráðabanann og keppti fyrir hönd HRFÍ á Crufts. Hún stóð sig mjög vel og var félagi okkar til mikils sóma. Pedigree á Íslandi styrkti okkar fulltrúa í þessa keppni eins og áður.

Theodóra Róbertsdóttir keppti á heimsýningunni í Salzburg í Austurríki 20. maí 2012.

Hún komst ekki í 6 manna úrslit en stóð sig frábærlega vel og var félagi okkar til mikils sóma. Þórkatla Lunddal Friðriksdóttir sem var þriðji stigahæsti ungi sýndandinn keppti á Evrópusýningunni í Bucharast í byrjun október 2012. Tvær stúlkur voru jafnar að stigum í fjórða sæti, Erna Sigríður Ómarsdóttir og Helga Þöll Guðjónsdóttir sem þurftu að fara í bráðabana. Erna Sigríður Ómarsdóttir vann í bráðabanannum og öðlast því rétt til að keppa með landsliði unglíngadeildar á Nordic Winner Show.

Stigahæsti ungi sýndandi ársins í yngri flokki var Ingunn Birta Ómarsdóttir.

Elín Rós Hauksdóttir keppti fyrir hönd HRFÍ í keppni ungra sýnenda á heimssýningunni sem haldin var í París 4.-11. júlí. Elín Rós var annar stigahæsti

keppandi ársins 2010. Í keppninni var gefið lítið tækifæri til þess að sanna sig og voru strax teknir út þeir sem voru í úrslitum. Elín Rós komst ekki í úrslit en stóð sig vel og var félaginu til mikils sóma.

Þórkatla Lunddal Friðriksdóttir keppti fyrir hönd HRFÍ í úrslitakeppni á Euro Dog Show í Leewarden í Hollandi 4. september 2011. Þórkatla var valin í sex manna úrslit. Frábær árangur hjá Þórkötlunni sem fékk lánaðan beagle hjá Hugo Quevedo. Hugo aðstoðaði Þórkötlunni og leiðbeindi fyrir keppnina en hann hefur dæmt og verið með námskeið fyrir unga sýnendur.

Norðurlandakeppni ungra sýnenda, Nordic Winner Show 2011, var haldin í Stokkhólmi í Svíþjóð 9.- 12. desember. Fjórir stigahæstu ungu sýnendur ársins kepptu fyrir okkar hönd: Elín Rós Hauksdóttir, Theodóra Róbertsdóttir, Þórkatla Friðriksdóttir og Erna Sigríður Ómarsdóttir. Þjálfari og liðsstjóri var Auður Sif Sigurgeirsdóttir. Keppt var bæði í liða- og einstaklingskeppni. Í liðakeppninni varð íslenska liðið í 2. sæti og þrjár voru valdar áfram til að keppa í einstaklingskeppninni og þar lenti Elín Rós Hauksdóttir í 2. sæti. Þær stóðu sig frábærlega og voru félaginu til mikils sóma. Á föstudeginum fyrir sýninguna funduðu þær ásamt þjálfara sínum með öðru áhugafólki um unga sýnendur frá öllum NKU löndunum. Á fundinum var farið yfir reglur og fleiri málefni tengd keppni ungra sýnenda. Dyrheimar ehf. styrkti fulltrúa okkar í þessari keppni samkvæmt samstarfssamningi.

Á árinu 2011 fóru allar sýningar félagsins fram í reiðhöllinni í Víðidal og tókust í alla staði mjög vel. Margar ræktunardeildir voru með kynningarbása, auk þess var fjöldi fyrirtækja með sölu- og kynningarbása.

Þriggja ára samningur við reiðhöllina í Víðidal rann út um áramótin 2011. Ekki tókst að endunýja samninginn þar sem nýr samningur innihélt mikla hækkun á leigu og ýmsar takmarkanir. Þar sem félagið stóð frammi fyrir samdrætti á skráningum á sýningar á árinu 2012 var ákveðið að leita að ódýrara húsnæði. Leit hófst því að nýju að húsnæði í byrjun febrúar og bauð félagsmaður félaginu húsnæði að Klettagörðum 6 fyrir febrúarsýninguna. Ekki var unnt að fá húsnæðið aftur fyrir næstkomandi júní sýningu en félagið fékk ágætis húsnæði á Korputorgi.

Alþjóðleg hundasýning fór fram helgina 25.-26. febrúar. Alls voru skráðir 697 hundar af 83 tegundum auk 28 ungra sýnenda. Sýningin tókst vel í nýju húsnæði að Klettagörðum 6. Dómarar voru Maria Talvitie frá Finnlandi, C.E. Cartledge frá Bretlandi, Rafael Malo Alcrudo frá Spáni, Tino Pehar frá Króatíu, Lisbeth Mach frá Sviss og Zorica Salijevik frá Svíþjóð. Nýja sýningsvæðið var allt opið og bauð upp á að sölu- og kynningarbásar voru inni á sjálfu sýningasvæðinu. Sýnendur gátu verið með búr, snyrtiborð, stóla o.fl. við sýningarhringi og áhorfendum var leyft að koma með sína eigin stóla og sitja við sýningarhringi. Flestir voru sammála um að sýningin hefði tengt félagsmenn betur saman vegna nálægðar. Unglingadeild sá um veitingasölu

með aðstoð forráðamanna og fleiri félagsmanna. Ágóði veitingasölunnar verður m.a. notaður til styrktar keppendum sem keppa fyrir hönd félagsins í keppni ungra sýnenda erlendis.

### **Deildarsýningar**

Deildarsýning Retrieverdeildar var haldin á Úlfljótsvatni þann 2. júlí, alls voru skráðir 66 retrieverhundar á sýninguna. Dómari var Kate Crosbie-Black frá Írlandi.

Schäferdeildin hélt deildarsýningu í Guðmundarlundi í Kópavogi þann 16. júlí þar sem alls 54 schäferhundar voru skráðir til þátttöku, dómari var Fredrik Steen frá Svíþjóð.

Báðar sýningarnar voru haldnar úti.

Deild íslenska fjárhundsins hélt deildarsýningu í húsnæði á Korputogi þann 14. janúar, skráðir voru 63 íslenskir fjárhundar. Dómari var Wilma Roem frá Hollandi.

Unglingadeild HRFÍ hefur staðið fyrir sýningarþjálfun sem er liður í fjáröflun deildarinnar fyrir Norðurlandakeppni ungra sýnenda. Margar deildir hafa sjálfar staðið fyrir sýningarþjálfun og einnig hefur verið boðið upp á sýningarþjálfun í Keflavík og á Akureyri.

Stjórn félagsins samþykkti ekki deildarsýningar á starfsárinu 2012 þar sem mikill samdráttur var í skráningum á hundasýningar árið 2011. Ástandið er það sama í Evrópu og Skandinavíu þar sem þurft hefur að afboða fjölda dómara. Deildarsýningar HRFÍ á síðasta starfsári hafa greinilega áhrif á fjölda skráninga á föstum sýningum félagsins. Félagsmenn virðast ekki nýta sér allar sýningarnar sem í boði eru.

Komið var til móts við félagsmenn þegar alþjóðlegum sýningum var fjölgað um eina á ári. Félagið hefur nú þegar skipulagt sýningar þrjú ár fram í tímann með tilheyrandi föstum kostnaði og miðað við ofangreint var stjórn HRFÍ sammála um að samþykkja ekki deildarsýningar á árinu 2012. Stjórn HRFÍ hvetur stjórnarmenn deilda að bjóða upp á opnar sýningar. Slíkar sýningar eru kjörnar til að sýna samstöðu og samvinnu innan deilda, er kjörin þjálfun fyrir hundinn og sýnandann og síðast en ekki síst sem þjálfun fyrir dómaranema og fyrir væntanlega dómara félagsins.

Undantekning var gerð eftir að stjórn HRFÍ endurskoðaði afstöðu sína og samþykkti tillögu um að leyfa Deild íslenska fjárhundsins að halda meistarasýningu í janúar.

### **Sýningadómaranám**

Haldið var í fyrsta skipti á vegum félagsins sýningadómaranám dagana 2. og 3. júní. Nám þetta er að fyrirmynd danska hundaræktarfélagsins (DKK) fyrir ungt fólk á aldrinum 14-35 ára. Svend Løvenkjær, Kresten Scheel og Annette Bystrup dómarafrá Danmörku sáu um námskeiðið. Fimmtán félagsmenn sóttu námskeiðið og voru þrettán samþykktir til að halda áfram. Þeir sem komust áfram hafa flestir verið dómaranemar á sýningum félagsins.

Almennt dómaranám var haldið í lok mars þar sem 11 félagsmenn voru skráðir til þátttöku. Námið er unnið í samvinnu við danska hundaræktarfélagið. Þrír ofangreindir dómarafrá samt Hanne Jensen skipulögðu og sáu um framkvæmd námsins. Sex

Þátttakendur komust áfram. Nokkrir nemar úr fyrra námskeiðinu tóku próf og náðu þrír af þeim fyrsta áfanga námsins og eru nú dómaraefni. Í dag eru því 16 dómaraemar skráðir hjá félaginu ásamt þremur dómaraefnum.

### **Laugavegsganga**

Árleg Laugavegsganga félagsins var laugardaginn 22. október. Að venju var gengið frá Hlemmi niður Laugaveg og endað í Hljómskálagarðinum. Skólahljómsveit Kópavogs sló taktinn í göngunni. Lokað var fyrir umferð niður Laugavegin á meðan á göngunni stóð sem vakti mikla hrifningu fólks. Vinnuhundadeild og Íþróttadeild stóðu fyrir skemmtiatriðum í Hljómskálagarðinum.

### **Nýr fuglahundadómari fyrir tegundahóp 7**

Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni dómara ráðs að útskrifa Svafar Ragnarsson sem fuglahundadómara fyrir tegundahóp 7.

### **Nýr retrieverdómari**

Stjórn HRFÍ samþykkti beiðni stjórnar Retrieverdeildar að veita Sigurmoni Marvini Hreinssyni dómara réttindi til að dæma veiðipróf fyrir retrieverhunda.

### **Sólheimakot**

Þorgeir Þorgeirsson umsjónarmaður Eignarsjóðs Mosfellsbæjar og Valgerður Júlíusdóttir skoðuðu húseignir á Sólheimakoti fimmtudaginn 8. september. Þorgeir skilaði skýrslu um ástandið á húseignum á Sólheimakoti og fulltrúi HRFÍ skilaði skýrslu um starfsemi HRFÍ. Samkvæmt skýrslu Þorgeirs áætla hann að kostnaður við að koma Sólheimakoti í þökkalegt stand sé um 3,0-3,5 milljónir króna.

Á fundi með fulltrúum Mosfellsbæjar þann 19. janúar kom fram að búið er að sækja um lóð undir gagnaver í landi Sólheimakots. Hugmyndin er að reisa gagnaverið á 10 hektara landsvæði í landi Sólheimakots sem er í eigu Mosfellsbæjar. Svæðið er talið vera mjög vel staðsett með tilliti til aðgengis að orkulínum Landsnets og talið hentugt fyrir þessa starfsemi. Formlega hefur verið óskað eftir samstarfi við bæjarstjórn Mosfellsbæjar um uppbyggingu gagnavers í landi Mosfellsbæjar. Það er Gunnar Ármannsson sem sækir um lóðina fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags um verkefnið sem hefur verið í undirbúningi frá árinu 2008. Gert er ráð fyrir að verkefnið geti skapað 500-1000 ný störf. Bæjarráð hefur fagnað verkefninu og tekið jákvætt í það en það er aðeins á byrjunarstigi.

Samningur við HRFÍ mun gilda áfram út þetta ár. HRFÍ mun ekki leggja út í mikinn kostnað í endurbætur á húsnæðinu. Farið verður yfir hvað þarf nauðsynlega að endurbæta og senda Mosfellsbæ nýja framkvæmdaráætlun. Enn berast kvartanir til skrifstofu vegna slæmrar umgengni í Sólheimakoti.

### **Uppskeruhátíð og aðventukvöld 3. desember**

Uppskeruhátíð og aðventukvöld HRFÍ var haldið laugardaginn 3. desember í félagsheimili Fáks í Reykjavík. Björn Ólafsson, stjórnarmeðlimur sá um veitingarnar

og bauð upp á sannkallaðan jólamat. Skemmti- og viðburðanefnd sá um möndlugjöf og happadrætti. Lifandi tónlist var spiluð eftir matinn. Margir félagsmenn mættu á hátíðina og fögnuðu lokum góðs starfsárs.

## **Erlent samstarf**

### **Fullgildur meðlimur FCI**

Umsókn Hundaræktarfélags Íslands um fulla aðild að FCI var tekin fyrir á aðalfundi samtakanna í París í Frakklandi 5. og 6. júlí 2011. Aðalfundurinn var sá fjölmennasti í sögu FCI. Yfir 150 þátttakendur frá 67 löndum sátu fundinn en samtökin fögnuðu 100 ára afmæli sínu. Fyrir hönd HRFÍ fóru Valgerður Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri og Auður Sif Sigurgeirsdóttir, stjórnarmeðlimur til að fylgja umsókninni eftir. Áður en kosið var um hvort HRFÍ fengi fulla aðild að FCI hélt Valgerður Júlíusdóttir kynningu á Hundaræktarfélagi Íslands sem endaði með myndbandi af íslenska fjárhundinum. Kynning tókst mjög vel og HRFÍ var einróma samþykkt af öllum fullgildum aðildarfélögum FCI sem fullgildur meðlimur. Nú hefur HRFÍ atkvæðisrétt á fundum FCI, getur tilnefnt fólk í hinar ýmsu nefndir, haft áhrif á framgang mála og málefni hunda og hundategunda.

### **Heiðurskonur HRFÍ**

Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, Guðríður Valgeirsdóttir, varaformaður og Guðrún R. Guðjohnsen, dómari, fv. formaður HRFÍ og stofnandi og forsvarsmaður ISIC (Icelandic Sheepdog International Cooperation) voru heiðraðar af sænska hundaræktarfélaginu með heiðursmerki í barminn. Sænska hundaræktarfélagið heiðrar annað hvert ár þá einstaklinga sem hafa á jákvæðan hátt komið markmiðum og störfum félagsins á framfæri.

### **NKU samstarf**

NKU stendur fyrir Nordisk Kennel Union sem er samstarf hundaræktarféлага á Norðurlöndum. NKU fundir eru haldnir tvisvar á ári og á 5 ára fresti á Íslandi. Fyrri fundurinn var haldinn í Osló 4.- 5. október og í Kaupmannahöfn 20. mars. Fulltrúar HRFÍ mættu á fyrri fundinn og hefur Valgerður Júlíusdóttir framkvæmdastjóri kynnt efni hans á fulltrúaráðsfundi. Ekki var sendur út fulltrúi HRFÍ á fundi vísindaráðs norrænu hundaræktarfélaganna, VK/NKU á síðasta starfsári.

### **Kynningarbás á Norðurlandatorgi á Nordic Winner Show í Stokkhólmi**

HRFÍ var með kynningarbás ásamt öllum NKU hundaræktarfélagunum á svokölluðu Norðurlandatorgi á Hund 2011 í Stokkhólmi dagana 10.-11. desember. Vel tókst til og heimsóttu margir bás félagsins. Settur var upp bogaveggur félagsins og sýnd var DVD mynd af íslenska fjárhundinum sem vakti mikla athygli og ánægju gesta sem komu við á Norðurlandatorginu. Svíarnir tóku vel á móti íslensku gestunum og allt skipulag var til fyrirmyndar. Öll NKU félögin voru beðin um að koma með gjafir til að gefa í úrslitum um besta hund sýningar. Gjöfin átti að vera eitthvað sem tengdist landinu.



Gjöf HRFÍ var í fyrsta sæti í úrslitum um besta hund sýningar, kertastjaki eftir íslenska listakonu.

## **Námskeið, fyrirlestrar og kynningar**

### **Ræktunarnámskeið**

Byrjenda- og framhaldsræktunarnámskeið (anatomy and judging) voru haldin 3.- 5. nóvember, leiðbeinandi var Hans-Åke Sperne frá Svíþjóð. Námskeiðin voru vel sótt og haldin í Sólheimakoti.

### **Kynning á hundategundum**

Deildir félagsins voru með kynningu og sýningu á hundategundum í Garðheimum. Smáhundar voru kynntir og sýndir í febrúar, stórir og millistórir hundar í mars.

### **Stefnumótunarteymi**

Í kjölfar hugmyndavinnu á stefnumótunardegi okkar sem fram fór í apríl 2011 var sett á laggirnar stefnumótunarteymi. Stefnumótunarteymið hóf strax að forgangsraða þeim málaflokkum sem helst var kallað eftir breytingum á. Ákveðið var að leggja aðaláherslu á kynningar- og upplýsingastarfsemi þar sem almenn þekking á hundum og hundahaldi á Íslandi er afar takmörkuð. Ákveðið var að semja við yfirdýralækaembættið í Sviss um þýðingu á röð upplýsingabæklinga sem embættið hefur gefið út á síðustu árum og leggja aðaláherslu á umgengni barna við hunda. Í ljósi þess að alvarlegum hundsbitum hér á landi hefur farið fjölgandi og neikvæðum fréttum um hundahald verður ekki of mikið gert úr mikilvægi þess að kenna rétta umgengni við hunda.

Stefnumótunarteymið vann að útkomu bæklingins „Sámur, komdu...“ sem útskýrir á einfaldan hátt hvernig börn eiga að hegða sér við hunda hvort sem þau þekkja þá eða ekki. Hafrún Stefánsdóttir sá um þýðingu yfir á íslensku. Kynningarstarf bæklingins hófst á Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2012 þar sem fulltrúar Hundaræktarfélag Íslands voru með hunda til sýnis í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum helgina 21. – 22. apríl og afhentu börnum og forráðamönnum þeirra bæklinginn.

Leikskólinn Grandaborg óskaði eftir heimsókn með hunda til að kynna og afhenda bæklinginn. Heimsóknin tókst með eindæmum vel og hafa fleiri leikskólar sýnt verkefninu áhuga. Bæklingurinn var einnig afhentur á „Sunnlenska sveitardeginum“ á Selfossi 5. maí. Fulltrúar félagsins kynntu bæklinginn og umgengni við hunda á bæjarhátíðinni „Vor í Árborg“. Allar þessar kynningar hafa heppnast mjög vel og verið jákvætt innlegg í umræðuna um gott og ábyrgt hundahald.

Búið er að gera samning við sveitarstjóra Árborgar að fulltrúar HRFÍ heimsæki alla leikskólana á svæðinu og kynni bæklinginn. Óskað var eftir að hundar kæmu með í heimsóknirnar.

## **Til hamingju með hvolpinn þinn**

Stefnumótunarteymið vann einnig að eldra verkefni félagsins en það er DVD diskurinn, „Til hamingju með hvolpinn þinn” sem er útgefinn af Hundaræktarfélagi Íslands með styrk og samvinnu við VÍS Agria. Efni disksins er þýtt og gefið út með leyfi Sænska hundaræktarfélagsins. Búið er að fara yfir textaþýðingu fyrir diskinn og mun hann fylgja öllum útgefnum ættbókum félagsins.

## **Einangrunarteymi**

Stjórn HRFÍ styður frumvarp um breytingu á lögum nr. 54/1990 um innflutning gæludýra sem felst í að gera fólki kleift að ferðast með hunda sína óhindrað á milli Evrópulanda. Þrír þingfulltrúar samfylkingar, Helgi Hjörvar, Ólína Þorvarðardóttir og Magnús Orri Schram lögðu fram frumvarpið í vor. Stjórn HRFÍ hefur tvívegis sent umsögn um málið, í júní 2011 og í mars 2012.

Teymið hefur verið í tölvusamskiptum vegna umsagnanna sem stjórn félagsins sendi vegna málsins og fundað með stjórnámálamönnum. Björn Ólafsson og Lára Birgisdóttir fóru á fund tveggja alþingismanna á Alþingi, þeirra Jóns Gunnarssonar og Jóns Bjarnarsonar. Fjórir félagsmenn, Guðrún Jónsdóttir, Elsa Soffa Jónsdóttir, María Tómasdóttir og Valgerður Júlíusdóttir fóru á fund með Einari Guðfinnssyni en hann starfar í nefndinni þar sem málið verður unnið. Unnið er að því að ræða við fleiri stjórnámálamenn í nefndinni.

## **Hundasamþykkt í Reykjavík**

HRFÍ skilaði umsögn um nýja hundasamþykkt 7. júní 2011. Í umsögninni var ekki farið fram á að banna hundategundir sem eru nú þegar til á Íslandi. Bannlistinn í Danmörku var m.a. skoðaður og litið á hundategundir sem ekki eru til á Íslandi. Ýmsar athugasemdir og tillögur voru gerðar af félaginu.

## **Dýravelferð**

Stjórn las yfir nýjar tillögur um dýravelferð og skilaði umsögn um nýtt frumvarp til laga um dýravelferð. Hundaræktarfélag Íslands metur það mikils að fá tillögurnar til umsagnar og fagnar að búið sé að endurskoða dýraverndunarlögin nr. 15/1994.

## **Á döfinni hjá félaginu**

Sumarsýning verður 2. - 3. júní 2012. Sýningin verður haldin í húsnæði að Korputorgi. Dómarar verða Albert Wight frá Bretlandi, Liliane De Ridder – Onghena frá Belgíu, Kitty Sjong frá Danmörku og hjónin Sean og Cathy Delmar frá Írlandi. Sean Delmar dæmir einnig unga sýnendur. Skráning á sýninguna er góð og betri en áætlað var. Tæplega 690 hundar eru skráðir.

Augnskoðun verður á Korputorgi dagana 2. og 3. júní í tengslum við sumarsýningu félagsins. Dýralæknirinn, Jens Knudsen frá Danmörku augnskoðar hundana.

Alþjóðleg hundasýning fer fram helgina 25.- 26. ágúst 2012. Dómarar verða Rita Reyniers og Theo Leenen frá Belgíu, Harry Tast frá Finnlandi, Stefan Sinko og Olga Sinko frá Sólveníu og Colette Muldoon frá Írlandi. Skráningarfrestur rennur út föstudaginn 27. júlí.

Alþjóðleg hundasýning verður 17.-18. nóvember. Dómarar verða Tapio Eerola frá Finnlandi, Natalja Nekrosiene frá Litháen, Anna Brankovich og Zoran Brankovich frá Serbíu, John Walsh frá Írlandi og Ole Staunskjær frá Danmörku. Síðasti skráningardagur er föstudagurinn 19. október.

Boðið verður upp á augnskoðun í tengslum við alþjóðlegu hundasýninguna 17.-18. nóvember. Tveir dýralæknar augnskoða hundana. Ekki enn ljóst hvaða dýralæknar koma.

Samþykkt hafa verið haustpróf fyrir standandi fuglahunda á vegum Fuglahunda-, Írsk setter- og Vorstehdeildar og veiðipróf fyrir retrieverhunda á vegum Retrieverdeildar. Upplýsingar um þessi próf má nálgast á heimasíðum deildanna. Vinnupróf (bronsmerkjapróf, hlýðni- og sporleitarpróf) eru auglýst á vefsíðu Vinnuhundadeildar og einnig á vefsíðu HRFÍ sem og aðrir fastir liðir í starfsemi félagsins.

### **Laugavegsganga – „Ganga og Gleði”**

Árleg Laugavegsganga félagsins verður í byrjun september. Viðburða- og skemmtinefnd HRFÍ sér um útfærslu á deginum.

Stjórn þakkar öllum félagsmönnum sem unnið hafa að framgangi félagsins fyrir gott starf.